

Auglýsingum friðland við Gróttu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Umhverfisstofnun fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Gróttu í Seltjarnarneskaupstað og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru við stórstraumsflóðmál landmegin á eiðinu og allt að 60 föðmum (115 m) á sjó út frá stórstraumsfjörumáli umhverfis eyjuna.

Um svæðið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt, annað en viðhald núverandi húsa og túna, er bannað. Siglingastofnun Íslands hefur rétt til þeirra framkvæmda, sem nauðsynlegar eru vegna vita og varnargarða, enda sé Umhverfisstofnun haft í samráði um nývirki.
2. Umferð óviðkomandi fólks er bönnuð á tímabilinu 1. maí til 15. júlí. Utan þess tíma er gangandi fólki heimil för um svæðið og að því eftir fjörum eða öðrum opnum gönguleiðum.
3. Óheimilt er að aka um svæðið og fara þar með hesta án sérstaks leyfis. Starfsmönnum Siglingastofnunar Íslands er heimil eðlileg umferð um svæðið með ökutæki, enda sé sú umferð takmörkuð við þjónustu vitans og aðra starfsemi Vitastofnunar á staðnum.
4. Öllum er skylt að ganga vel og hreinlega um friðlandið.
5. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp og fara um friðlandið með skotvopn. Óheimilt er að fara með hunda um friðlandið og hvers konar vist hunda er það bönnuð.

Umhverfisstofnun getur falið náttúruverndarnefnd Seltjarnarneskaupstaðar umboð sitt til framkvæmda á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti. Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið samþykkir hér með friðlýsingu þessa, og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 219/1974.

Menntamálaráðuneytið, 10. janúar 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

---

Runólfur Þórarinsson